

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 184/2007 frá 20. febrúar 2007 um að leyfa kalíumdíformat (Formi LHS) sem aukefni í fóðri ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 186/2007 frá 21. febrúar 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* (Biosaf SC 47) sem aukefni í fóðri ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 226/2007 frá 1. mars 2007 um að leyfa *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 (Levucell SC20 og Levucell SC10 ME) sem aukefni í fóðri ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 242/2007 frá 6. mars 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa EC 3.2.1.8 (Belfeed B1100MP og Belfeed B1100ML) sem aukefni í fóðri ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2007 frá 6. mars 2007 um að leyfa 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefni í fóðri ⁽⁶⁾ ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 130, 22.5.2007, bls. 48.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2007 frá 7. mars 2007 um að leyfa L-histidínmonóhýdróklóríð, einvatnað, sem aukefni í fóðri ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 13zzi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 188/2007) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 8, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 26.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 4.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 6.

- „lzzzj. **32007 R 0184**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 184/2007 frá 20. febrúar 2007 um að leyfa kalíumdíformat (Formi LHS) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 1).
- lzzzk. **32007 R 0186**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 186/2007 frá 21. febrúar 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* (Biosaf SC 47) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 6).
- lzzzl. **32007 R 0226**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 226/2007 frá 1. mars 2007 um að leyfa *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 (Levucell SC20 og Levucell SC10 ME) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 26).
- lzzzm. **32007 R 0242**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 242/2007 frá 6. mars 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa EC 3.2.1.8 (Belfeed B1100MP og Belfeed B1100ML) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 1).
- lzzzn. **32007 R 0243**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2007 frá 6. mars 2007 um að leyfa 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 4), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 130, 22.5.2007, bls. 48.
- lzzzo. **32007 R 0244**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2007 frá 7. mars 2007 um að leyfa L-histidínmonóhydróklóríð, einvatnað, sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 184/2007, 186/2007, 226/2007, 242/2007, 243/2007, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 130, 22.5.2007, bls. 48, og 244/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.